



NÁMSGREIN **MYNDMENNT / SJÓNLISTIR** KENNSLUFIRLIT NÁMSÁRIÐ 2022- 2023

Bekkur: 1. bekkur

Kennari: Greta S. Guðmundsdóttir

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla. verkleg vinna og samtal.

Námsefni: Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara

Námsmat: Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið

Námsgögn: Margskonar litir, pappír og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt..

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
<p>Kennt er í þrískiptum Lotum:</p> <p>Hópur 1: 22.08 - 21.11</p> <p>Hópur 2: 22.11 - 26.02</p> <p>Hópur 3: 27.02- 07.06</p>	<p>Grunnform:</p> <p>Mynsturgerð</p> <p>Andlitsmynd</p> <p>Stafamynd</p>	<p>Þekki grunnformin með því að teikna þau upp og lita.</p> <p>Þekki nokkrar grunntegundir mynsturgerða og geti beitt þeim. Mynstrin teiknuð upp og lituð.</p> <p>Þekki hlutföllin í andlitinu og grunnreglur í andlitsmyndagerð. Skoða sitt eigið andlit og teikna það upp.</p> <p>Þekki stafina og geti leikið sér með stafaformin stór og smá og teiknað og litað mynd út frá því.</p>	<p>Geti:</p> <p>Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar</p> <p>Unnið út frá kveikju í eigin listsköpun</p> <p>Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum</p>	<p>Leiðsagnamat og hæfniviðmið.</p> <p>Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið.</p>
	Listasaga og umræður um myndverk.	Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar. Kynnist og þekki ýmis listaverk og listamenn. Áhersla á listakonuna Yayoi Kusama vinna síðan verkefni í anda hennar.		
	Orðaforði	Læri þau orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með		